



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 11. janúar 2019

Efni: Tillaga til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, 409. mál.

Í umsögn þessari er sjónum fyrst og fremst beint að þeim hluta áætlunarinnar sem lúta að rétti barna til verndar gegn ofbeldi en 19. gr. Barnasáttmálans leggur þær skyldur á aðildarríki að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félags- og menntunarmála til að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi. Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, gerir kröfu um um þátttöku barna í ákvarðanatöku um öll mál sem þau varða og ber að taka tillit til skoðana þeirra. Því er afar jákvætt að í vinnu stýrihóps þriggja ráðuneyta sem vann að gerð áætlunarinnar var virkt samráð haft við ungmenni.

Meðal þeirra aðgerða sem tillagan kveður á um er að koma á og viðhalda fræðslu um ofbeldi til þeirra sem vinna með börnum í skóla-, íþrótt-, og æskulýðsstarfi til að tryggja að starfsfólk sé upplýst um mikilvægi forvarnarstarfs, helstu birtingarmyndir ofbeldis og tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum. Umboðsmaður fagnar þessari tillögu og vonar að hún nái fram að ganga en telur þó brýnt að frekari fjárveitingar komi til en eingöngu er gert ráð fyrir sex milljónum króna til verkefnisins á næstu fjórum árum.

Þá er í áætluninni að finna aðgerð sem miðar að því að efla þekkingu á Barnasáttmálanum með því að kynna hann reglulega börnum, foreldrum og starfsfólki í skólum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Gera á Barnasáttmálann að grundvelli í öllu starfi með börnum og meta á hvort verkefnið leiði til aukinnar þekkingar allra hlutaðeigandi á ákvæðum hans. Umboðsmaður barna telur verkefni af þessum toga vera mikilvægur liður í áframhaldandi innleiðingu Barnasáttmálans. Þó vill umboðsmaður árétta mikilvægi þess að veita frekari fjármagni til verkefnisins en eingöngu er gert ráð fyrir tveimur milljónum króna árlega á gildistíma áætlunarinnar.

Áætlunin gerir jafnframt ráð fyrir aðgerð sem felur í sér setningu og innleiðingu gæðaviðmiða og vottunar um fyrirmyndarstarf í íþrótt- og æskulýðsstarfi í því skyni að koma í veg fyrir ofbeldi. Telur umboðsmaður barna afar mikilvægt að fram fari forvarnarstarf af þessum toga sem taki mið af þörfum og hagsmunum barna og tryggi þeim vernd gegn ofbeldi og uppbyggilegar aðstæður í þrótt- og æskulýðsstarfi. Að mati umboðsmanns barna er um brýnt og þarft verkefni að ræða sem ráðast þarf í hið fyrsta.

Í tillögunni er einnig að finna aðgerð um að setja á laggimar fagrað eineltismála fyrir öll skólastig og íþrótt- og æskulýðsstarf. Er ráðinu ætlað að taka til meðferðar flókin mál sem ekki hafa fengið viðeigandi úrlausn hjá viðkomandi stofnun, félagi eða sveitarfélagi. Embætti umboðsmanns barna berast reglulega erindi er varða flókin samskiptamál innan skóla og í frístundastarfi og telur brýna þörf á slíku úrræði. Í tillögunni er gert ráð fyrir embætti umboðsmanns barna meðal samstarfsaðila og vill umboðsmaður barna lýsa yfir áhuga á því að taka þátt í undirbúningi og mótun verkefnisins. Þó vill

umboðsmaður barna lýsa yfir vonbrigðum með að eingöngu eigi að ráðstafa til verkefnisins tveimur milljónum króna árlega á gildistíma áætlunarinnar.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir gerð fræðsluefnis um ofbeldi fyrir leikskólabörn og leiðbeiningar til starfsfólks leikskóla um notkun þess. Umboðsmaður barna fagnar þeirri tillögu og telur löngu tímabært að beina sjónum að yngstu börnunum í forvarnarstarfi gegn ofbeldi. Þá telur umboðsmaður barna afar brýnt að starfsfólk leikskóla fái samhlíða leiðbeiningar um tilkynningarskyldu þeirra sem vinna með börnum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, eðli ofbeldis og afleiðingar þess á börn. Þá telur umboðsmaður barna kostnaðaráætlun verkefnisins óraunhæfa og að meira fjármagn þurfi til að koma ef útbúa á vandað fræðsluefni með leiðbeiningum til starfsfólks, kynna það og koma í notkun í öllum leikskólum landsins.

Áætlunin gerir jafnframt ráð fyrir eflingu kennslu um kynheilbrigði og kynhegðun í grunn- og framhaldsskólum. Umboðsmaður barna fær reglulega erindi og fyrirspurnir frá ungmennum um ýmis mál er varða sambönd og samskipti og ljóst er að efla þarf til muna fræðslu til ungmenna á þessu sviði og leita þarf fjölbreyttra leiða til þess. Að mati umboðsmanns barna er þó ljóst að algjörlega óraunhæft er að ráðast í metnaðarfullt verkefni af þessum toga, miðað við fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun, sem gerir ráð fyrir einni milljón króna á ári á gildistíma áætlunarinnar.

Áætluninni er einnig ætlað að stuðla að áframhaldandi styrkingu heilsuverndar skólabarna á landvísu með samræmdri og skipulagðri fræðslu sem ætlað er að hvetja börn til heilbrigðra lífshátta. Í fræðslunni á að fjalla um líkamann, heilbrigði, kynþroska, kynheilbrigði og samskipti. Umboðsmaður barna telur umrædda aðgerð vera í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans sem kveður á um rétt barna til upplýsinga og fræðslu en gerir jafnframt athugasemd við að gert sé ráð fyrir að kostnaður vegna verkefnisins rúmist innan ramma viðkomandi ráðuneytis sem umboðsmaður telur draga úr líkum þess að aðgerðin komist til framkvæmda.

Þá fagnar umboðsmaður barna tillögunni um að ýta úr vör vitundarvakningu í íslensku samfélagi gegn haturstali og að komið verði á fræðslu til barna og ungmenni á þessu sviði. Þó gerir umboðsmaður athugasemdir við að á gildistíma áætlunarinnar sé eingöngu gert ráð fyrir tveimur milljónum króna á ári til verkefnisins.

Að mati umboðsmanns barna er jákvætt að markmið hvernar aðgerðar er skýrt afmarkað, hver og ein aðgerð hefur verið kostnaðarmetin og fram kemur hverjir bera meginábyrgð á framkvæmdinni hverju sinni ásamt því að samstarfsaðilar eru tilgreindir. Þá telur umboðsmaður barna jákvætt að skilgreindir hafi verið mælikvarðar fyrir mat á árangri allra aðgerða. Þó vill umboðsmaður barna áréttta mikilvægi þess að nægilegt fjármagn verði tryggt til þess að hrinda öllum aðgerðum áætlunarinnar í framkvæmd en ljóst er að viðmiðunarfjárhæðir eru í ákveðnum tilvikum afar varlega áætlaðar og því hætt á að umræddar tillögur nái ekki fram að ganga og skili þar með ekki tilætluðum árangri. Ráðstöfun opinbers fjármagns í þágu barna er fjárfesting til framtíðar og umboðsmaður barna telur því brýnt að kostnaðaráætlanir þeirra aðgerða í tillögunni sem snúa sérstaklega að börnum verði endurskoðaðar.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna